

á greiðslu gjaldsins. Holræsagjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

8. gr.

Hreppsnefnd getur samþykkt að fella niður eða lækkað holræsagjald hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum samkvæmt heimild í 5. mgr. 87. gr. vatnalaga, sbr. lög nr. 137/1995.

9. gr.

Gjalddagar holræsagjalds eru þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist holræsagjaldið með fasteignasköttum.

10. gr.

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og vatnalögum nr. 15/1923. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

11. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 12. febrúar 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, hefur samþykkt deiliskipulag fyrir:

1. Múlavirkjun í Straumfjarðará.
2. Frístundabyggð og heilsársbyggð að Miðhrauni II.
3. Ræktunar- og athafnasvæði við Vegamót.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hjarðarfelli, 19. febrúar 2004.

F.h. hreppsnefndar,

Guðbjartur Gunnarsson oddviti.